



433. fundur Þingvallanefndar

Fyrsti fundur nýskipaðrar Þingvallanefndar var haldinn á skrifstofu þjóðgarðsins í Austurstræti 12 miðvikudaginn 14. mars 2018 kl. 11:30.

Fundinn sóttu Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Oddný G. Harðardóttir, Karl Gauti Hjaltason, Hanna Katrín Friðriksson og Líneik Anna Sævarsdóttir.

Einnig sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, Lilja Jónasdóttir lögfræðingur hjá Lex, Árni Geirsson frá Alta og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Þingvallanefnd skipa sjö aðalmenn, þeir eru Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Karl Gauti Hjaltason, Páll Magnússon, Hanna Katrín Friðriksson og Líneik Anna Sævarsdóttir.

Formaður setti fund og bauð nefndarmenn ásamt fundargestum velkomna til fundarins.

Erindi;

1. Starfsemi þjóðgarðsins.

Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, fór yfir starfsemi þjóðgarðsins fyrir nýrri nefnd. Aðsókn ferðamanna hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og starfsemi að sama skapi vaxið mjög hratt. Þjóðgarðsvörður ræddi almennt um rekstur og framkvæmdir og kynnti meginvið þjóðgarðsins. Stefnt að því að kynna Þingvallanefnd starfsemina með heimsókn í þjóðgarðinn sem fyrst, hitta starfsfólk og kynna sér staðhætti og helstu verkefni.

2. Þingvallavegur (36-04), endurbætur.

Kynning á veghönnun og fyrirhuguðum endurbótum á vegi 36 í gegnum þjóðgarðinn. Endurbætur á vegi 36 eru liður í nauðsynlegu viðhaldi vegarins og hefur það markmið að auka umferðaröryggi, en umferð um veginn hefur aukist verulega undanfarin ár.

Meginatriði í hönnun eru að veglínan breytist ekki og sami hámarkshraði mun vera. Endurbæturnar felast meðal annars í að vegurinn verður malbikaður, færður í 8 metra á breidd, útskotum verður fækkað en stækkuð á 3-4 stöðum. Sérstakt verklag verður við endurheimt staðargróðurs á vegfláasvæðum.

Þingvallanefnd samþykkir veghönnun Vegagerðarinnar og VSÓ og heimilar framkvæmdir við fyrirhugaðar endurbætur á Þingvallavegi (36-04) á um 9 km löngum vegkafla milli þjónstumiðstöðvar Þingvalla og syðri vegamóta Þingvallavegar við Vallarveg (361).

3. Málefni tiltekinna sumarbústaða.

Gestur: Lilja Jónasdóttir lögfræðingur Þingvallanefndar.

- a. Valhallarstígur Nyrðri nr. 4
Óskað eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum og heimili framsal lóðarleigusamnings til afkomenda.
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti og heimilar framsal lóðarleiguréttinda til afkomanda núverandi lóðarleiguhafa.
- b. Valhallarstígur Syðri nr. 18
Óskað eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum og heimili framsal á lóðarleigusamningi.
Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að athuga málið milli funda.
- c. Gjábakkaland 10
Óskað eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum og heimili framsal lóðarleigusamningi.
Þingvallanefnd lýsir yfir áhuga á því að nýta forkaupsrétt að umræddu sumarhúsi.
Gerður er fyrirvari um samþykki umhverfisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins um nýtingu forkaupsréttar.
Unnið verður að málinu milli funda.
- d. Efristígur 10
Óskað eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum og heimili framsal lóðarleigusamnings.
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimilar framsal á lóðarleiguréttindum til nýrra eigenda.

4. Stefnumótun þjóðgarðsins, staða verkefnis.

Gestur: Árni Geirsson frá Alta ehf.

Núgildandi stefnumörkun er frá árinu 2004. Í dag eru gjörbreyttar forsendur frá því sem áður var, margfalt fleiri gestir, stórukið álag á land og starfsfólk og þjónusta verið aukin á margvíslegan hátt. Áherslur við endurskoðun núverandi stefnumótunnar eru hlutverk og staðarval mannvirkjasmæða, umferðarstýring innan þjóðgarðsins og styrking á innviðum.

Þingvallanefnd samþykkir að halda vinnufundi þar sem stefnumörkunin verður fullunnin.

5. HSU - tilraunaverkefni vegna neyðarviðbragðs í þjóðgarðinum

Verkefnið á sér nokkurn aðdraganda, þar sem útköll viðbragðsaðila hefur fjölgað mikið undanfarin ár í takt við aukinn ferðamannafjölda innan þjóðgarðsins.

Verkefnið felur í sér að neyðarviðbragðsaðili yrði staðsettur á Þingvöllum með helsta búnað. Verktakasamningur yrði gerður við HSU og starfsmaður frá þeim yrði staðsettur í þjóðgarðinum frá vori fram að áramótum.

Þingvallanefnd samþykkir fyrrgreint tilraunaverkefni.

6. Hátíðarfundur 18. júlí, undirbúningur og staða

Erindi frestað.

7. Erindi frá Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni

Erindi frestað.

8. Önnur mál

Fundartímar Þingvallanefndar:

Samþykkt að halda næsta fund þann 21. mars, kl. 11.30 og þann 11.4.2018 kl. 11.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.55.